

## **107. Þingflokksfundur, miðvikudagur 27. apríl 2015, kl. 13.00**

Fundinn sitja: Alla, Birgitta, Jón Þór, Halldóra, Helgi Hrafn og Svavar.  
Berglind Rósa ritar fundargerð.

### **1. Bréf af þingflokksformannafundum**

Helgi Hrafn brífaði af þingflokksformannafundi.

### **2. Bréf af forsætisnefndarfundi**

Jón Þór brífaði af fundi forsætisnefndar.

### **3. Dagskráin í dag**

Alla og Jón Þór ræða saman um 622. mál um viðurlög viðbrotum á fjármálamarkaði, út frá sjónarhorni málefna uppljóstrara, sem er á dagskrá þingfundar í dag.

### **4. Dagskráin næstu daga**

Farið var yfir dagskrá vikunnar. Þingflokkurinn ræddi um óvissuna og samráðsleysið varðandi dagskrána fram að þinglokum.

### **5. Bréf úr nefndum**

Helgi Hrafn brífaði úr velferðarnefnd þar sem til umræðu var sameining stofnanna undir sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Jón Þór brífaði úr umhverfis- og samgöngunefnd þar sem búið er að samþykkja að hann verði framsögumaður á 28. máli um jafnt aðgengi að internetinu, og verður málið á dagskrá næsta fundar. Jón Þór brífaði jafnframt stuttlega af fundi samráðsvettvangs um aukna hagsæld þar sem til umræðu voru hugmyndir um stöðugara og skilvirkara módel til lausnar við kjaradeilur. Alla brífaði úr stjórnarskránefnd og kallaði eftir sérstökum fundi sem fyrst með þingflokknum þar sem farið verður í efnislegar umræður.

### **6. Staða Píratamála (forgangsröðun mála)**

Frestast til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 14.45.